

Fimmtudaginn 22. september 1994.

Nr. 266/1993.

Bergey hf.

(Steingrímur Þormóðsson hdl.)

gegn

sjávarútvegsráðherra og

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Skriflegur málflutningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júní 1993. Hann gerir eftirfarandi kröfur: „I. Að viðurkennt verði með dómi, að ákvörðun sjávarútvegsráðherra 23. júlí 1991 um að svipta áfrýjanda veiðileyfi, útg. 16. 2. 1991, fyrir Svöluna, SK 37, Hofsósi, til að veiða með línu og handfæri frá 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991 hafi verið ógild. II. Að stefndu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og sjávarútvegsráðherra, verði in solidum dæmdir til að greiða áfrýjanda 1.058.000 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. vaxtalögum frá 1. október 1991 til greiðsludags.“ Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu gera eftirfarandi dómkröfur: „Að lið I í kröfugerð áfrýjanda fyrir Hæstarétti verði vísað frá Hæstarétti og að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og stefndu tildæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum áfrýjanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi hans fyrir Hæstarétti að mati réttarins. Til þrautavara er þess krafist, að stefnukröfurnar verði stórkostlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.“

Mál þetta var tekið til dóms í héraði að loknum munnlegum málflutningi 19. febrúar 1993. Dómur var kveðinn upp 19. apríl sama ár. Liðu því átta vikur og þrír dagar, frá því að málið var dómtekið, þar til dómur var upp kveðinn. Í dóminum er engin skýring gefin á þessum óhæfilega langa drætti, og ekki kemur þar fram, að dómari

og lögmenn aðila hafi verið á einu máli um, að ekki væri þörf á að endurflytja málið. Þessi dráttur á dómsuppsögu var brot á ákvæðum 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, enda getur munnlegur málflutningur ekki komið að því gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi.

Af þessum sökum verður eigi hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
